

Nefndarsvið alþingis
Velferðarnefnd

EFNI: UMSÖGN OG ÁBENDINGAR UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM ALMENNATRYGGINGA NR. 100/2017 (afnám skerðingar vegna atvinnutekna) , 51.mál

Þetta frumvarp mun ekki bæta kjör nema lítils hluta ellilífeyrisþega og mun því skapa mikinn ójöfnuð á tekjum ellilífeyrisþega þar sem aðeins fáir hafa starfsgetu til að vinna sérstaklega þeir sem hafa þurft að þola og umbera miklar skerðingar á tekjum síðan 2008 og eru nú 10 árum eldri og fara ekki aftur út á vinnumarkaðinn. Þetta mun nýtast að fullu þeim sem eru orðnir 67 ára og halda áfram að vinna og geta jafnframt fengið fullar bætur frá almennatryggingum sem mun hafa ófyrirséða útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð. Þessu frumvarpi er því andmælt og í staðinn verði frítekjumark fyrir atvinni-, lífeyrissjóðs- og fjármagnstekjur sem nú er kr 25.000.- hækkað í kr 125.000.- Þetta yrði veruleg kjarabót fyrir flesta.

Ellilífeyrisþegar eru orðnir langþreyttir á þessu rugli undanfarin ár með frítekjumarkið með endurteknum breytingum sem skapað hafa mikla óvissu og rugling í fjárhagsáætlunum ellilífeyrisþega sem reyna að gera sínar áætlanir. Um áramótin 2016/2017 tóki gildi ný lög almennatrygginga þar sem var afnumið 109.000.- króna frítekjumark vegna atvinnutekna og frítekjumarks vegna fjármagnstekna sem voru heilar 8.220.- á mánuði. Nokkrum dögum áður en þessi lög voru samþykkt ákvað ríkisstjórnin á fundi sínum 7. okt. 2016 að hafa frítekjumark 25.000.- krónur sem gilda skuli fyrir atvinnu- lífeyris- og fjármagnstekjur. Eftir þennan ríkistjórnarfund hældi fulltrúi ríkistjórnarinnar sér af því að "*hér fengju ellilífeyrisþegar aukalega 25.00.- krónur sem þeir gætu ráðstafað af vild*" Þetta var ítrekað með yfirlýsingu frá ríkistjórninni 7. okt 2016 *Þessi breyting samsvarar 25 þúsund króna aukningu á ráðstöfunartekjum hjá stærstum hluta eldri borgara umfram það sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu.* Hér er talað um ráðstöfunartekjur, sem er blekking þar sem eftir er að draga frá skattinn, þannig að ráðstöfunartekjur eru aðeins 15.720.- krónur, sem er ekki rausnarlegt miðað við þá mörg hundruð þúsund króna launahækkun sem kjararáð úrskurðaði til handa þingmönnum og fleiri starfshópum. Að sjálfsgöðu fengu ýmsir hópar öryrkja og ellilífeyrisþega hækkanir en eftir stóðu þeir sem voru í sambúð, þeir fengu aðeins 9.498.- krónur sem var minna en hækkan vístölu segir til um.

Núna 1. febrúar 2018 tóku gildi lög þar sem frítekjumark vegna atvinnutekna varð 100.000.- krónur, en frítekjumarkið sem var 109.000.ö krónus var afnumið fyrir rúmu ári síðan. Þetta kallast hringlandaháttur og ekki sæmandi fyrir alþingi að koma svona fram við kynslóð sem byggði upp velferðakerfi sem er svo núna að verða kerfi ójöfnuðar. Þó nú sé komið 100.000.- króna frítekjumark atvinnutekna þá fara þeir ekki að vinna sem hættu að vinna þega frítekjumark atvinnutekna var lagt af. Í raun er kostnaðu ríkissjóðs við þessa breytingu enginn. Þetta nýtist þeim sem eru að minnka við sig vinnu og taka hluta ellilífeyris eins og ný lög kveða á um.

Ef frítekjumark fyrir atvinnu-, lífeyris- og fjármagnstekjur verði 125.000.- krónur þá geta ráðstöfunartekjur hækkað um 63.000.- krónur. Þetta nýtist flestum ellilífeyrisþegum og er kominn tími til að þeir sem hafa sýnt ráðdeild, lagt í varasjóð og borgað í lífeyrissjóði fái að njóta þess en sé ekki hengt fyrir það með miklum skerðingum á tekjum frá TR. Það eru margir ellilífeyrisþegar sem hafa takmarkaðan lífeyrissjóð þar á meðal húsmæður sem fóru seint á vinnumarkaðinn því þær voru að hugsa um heimilið og uppeldi barna sinna. Varasjóðirnir hafa rýrnað mjög mikið við hrunið og framfærslu síðust ár.

Undirritaður hefur áhuga á velferð aldraðra og er þetta skrifað eftir samtöl við marga ellilífeyrisþega.

Akureyri 21 maí 2018

Haukur Haraldsson

kt 2609382079

Áhugamaður um velferð aldraðra og þjóðar.